

54

17. febr.

## VIÐAUKI

við úthlutunarreglur STEFs — Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar —  
um úthlutun á tekjum af flutningi tónverka.

Hafi tónverk verið flutt í fyrsta skipti og án þess að verkið hafi nokkurs staðar  
verið flutt opinberlega áður, þá skal fyrir þann flutning úthluta til höfundar verksins  
og rétthafa þess því gjaldi þreföldu, sem ella skal úthluta samkvæmt úthlutunar-  
reglum STEFs.

Með tilvísun til löggildingarbréfs STEFs, dags. 2. febr. 1949, staðfestast ofan-  
greindar úthlutunarreglur hér með.

*Menntamálaráðuneytið, 17. febrúar 1957.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius.*